

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2006, miðvikudaginn 22. mars, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Íris Ösp Ingjaldsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 4/2006**:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 31. janúar 2006 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 2. febrúar 2006, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi A, dagsettu 13. febrúar 2006. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 16. febrúar 2006, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með ódagsettu bréfi sóknaraðila, móttæknu 15. mars 2006.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 21. og 22. mars 2006.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðili var í lánsviðskiptum við varnaraðila og mun hafa lent í vanskilum með greiðslur af tilteknu skuldabréfi. Tók varnaraðili þá ákvörðun að setja skuldabréf þetta í innheimtu hjá lögmanni sjóðsins, auk þess sem aðrar skuldir sóknaraðila voru sömuleiðis gjaldfelldar og sendar lögmanninum til innheimtu. Sóknaraðila var síðar boðið að fá nýtt skuldabréfalán til sjö ára til að greiða upp aðrar skuldir. Hann taldi sér það ofviða og varð niðurstaðan síðar sú að sóknaraðili greiddi upp skuldirnar með nýju skuldabréfi til 15 ára. Það skuldabréf hefur sóknaraðili nú greitt upp og er hættur viðskiptum við varnaraðila.

Mál þetta barst úrskurðarnefndinni með kvörtun, dagsettri 31. janúar 2006.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess aðallega að varnaraðili endurgreiði sér þann kostnað sem hann „þurfti að greiða lögmonnum með almennum bankavöxtum aftur til dagsins sem að [sóknaraðili] greiddi þann kostnað“. Til vara krefst sóknaraðili endurgreiðslu lögmannskostnaðar án vaxta.

Sóknaraðili telur að brotið hafi verið á sér þegar öll lán hans hjá varnaraðila voru gjaldfelld og sett í innheimtu þrátt fyrir að þau hafi ekki verið í vanskilum, að einu skuldabréfi frátöldu. Kveðst sóknaraðili engar aðvaranir hafa fengið áður en til lögfræðiinnheimtu kom, nema hvað varðar téð skuldabréf. Hann hafi hins vegar þurft að greiða lögfræðikostnað við innheimtu allra skuldanna.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að öllum kröfum sóknaraðila verði vísað frá úrskurðarnefndinni, en til vara að þeim verði hafnað.

Varnaraðili byggir aðalkröfu sína á 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki þar sem sé að finna það skilyrði fyrir meðferð máls hjá nefndinni að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns eða ekki hafi tekist að leysa málið innan fjögurra vikna. Sóknaraðili hafi hins vegar ekki haft uppi fjárkröfu á hendur varnaraðila. Þá vísar varnaraðili til b- og e-liða 6. gr. samþykktanna þar sem segi að nefndin fjalli ekki um kröfur sem ekki verði metnar til fjár og ekki um mál sem séu svo illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau séu ekki tæk til úrskurðar. Telur varnaraðili kröfugerð og máltilbúnað sóknaraðila engan veginn fullnægja ofangreindum ákvæðum. Þannig sé ekki höfð uppi fjárkrafa á hendur varnaraðila, auk þess sem máltilbúnaður sóknaraðila sé óljós og ruglingslegur.

Áhrærandi varakröfu sína telur varnaraðili sig í einu og öllu hafa hagað sér í samræmi við lög og verði því að hafna öllum kröfum sóknaraðila.

V.

Niðurstaða.

Í kvörtun sóknaraðila er óskað eftir því að úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki taki fyrir kostnað sem sóknaraðili hafi þurft að bera vegna lögfræðisinnheimtu. Í ódagsettu bréfi, mótteknu 15. mars 2006, gerir sóknaraðili kröfu um endurgreiðslu þess kostnaðar sem hún hafi þurft að greiða lögmanni varnaraðila. Engar fjárhæðir eru þó nefndar í því sambandi.

Samkvæmt 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000, er það skilyrði fyrir meðferð úrskurðarnefndar að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns eða ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því að viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki. Sóknaraðili hefur ekki beint fjárkröfum að varnaraðila vegna ofangreinds lögmannskostnaðar. Verður því þegar af þessari ástæðu að vísa máli þessu frá úrskurðarnefndinni.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 22. mars 2006.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Grétar Grétarsson

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

Sölvi Sölvason